



Frá Benidorm á Spáni.

Ferðaskrifstofa Reykjavíkur:

Í fyrsta sinn til Benidorm

„Ferðaskrifstofa Reykjavíkur býður nú í fyrsta sinn beint leiguflug á sólarströnd. Fyrir valinu varð Benidorm á Spáni, sem hefur verið afar vinsæll staður hjá íslenskum ferðalöngum,“ sagði Sigríður Jóhannsdóttir hjá ferðaskrifstofunni.

Sigríður sagði að Ferðaskrifstofa Reykjavíkur sæi einnig um að koma ferðalöngum á alla mögulega staði

um allan heim. „Við bjóðum upp á sumarhús í Hollandi og víðar í Evrópu, flug og hól og ferðir til Flórída og Kýpur,“ sagði hún.

Sigríður sagði að fjögurra manna fjölskylda, hjón með tvö börn, annað yngra en tólf ára og hitt á unglingsaldri, þyrfti að greiða um 164 þúsund krónur fyrir þriggja vikna dvöl í íbúð á Benidorm í júní. Verð fyrir fullorðna í íbúð er 48.500

krónur, börn undir tólf ára aldri fá 17 þúsund króna afslátt og unglingar 12-15 ára fá 13 þúsund króna afslátt.

„Verð á ferðum hefur hækkað um 34-36% frá því að ferðaskrifstofur gáfu út áætlanir sínar í ársbyrjun í fyrra,“ sagði hún. „Miðað við verðið síðastliðið haust er hækkunin ekki jafn mikil, en hana má rekja til gengislækkunar.“


Saga:

Ferðir til Portúgal og Marokkó

„Ferðaskrifstofan Saga hefur ákveðið að bjóða upp á ferðir til Portúgal, Marokkó og Rússlands í sumar, auk okkar venjulegu ferða til Spánar og Kýpur, svo eitthvað sé nefnt,“ sagði Örn Steinsen, forstjóri ferðaskrifstofunnar.

Örn sagði að leiguflug ferðaskrifstofunnar til Costa del Sol á Spáni hefði ávallt verið vinsælast. „Ég er hóflega hjartsýnn fyrir sumarið. Fólk fjölmennti til okkar þegar við kynntum áætlun okkar um síðustu helgi og á næstunni ætti að skýrast hversu margir láta verða af því að panta ferðir. Í fyrra bættum við nýjum áfangastað, Kýpur, á áætlunina og fólk hefur tekið þeirri nýbreytni vel. Í sumar gefst fjölskyldu-fólki kostur á dvöl í sumarhúsum í Loohorst í Hollandi og ég á von á að það verði vinsælt.“

Á vinselasta áfangastað Sögu, Costa del Sol, kostar dvölin fjögurra manna fjölskyldu rúmlega 40 þúsund krónur á mann að meðaltali.



Svipmynd frá Marokkó.

„Þessi hækkun nemur 17-19% miðað við verðskrá í ágúst síðastliðnum. Frá janúar í fyrra er hækkunin hins vegar 33-36%. Þessar hækkunir eru

vegna breytinga á gengi og að einhverjum hluta vegna kostnaðarhækkana erlendis,“ sagði Örn Steinsen.

Pólaris:

Tyrkland og Orkuklúbburinn

„Nýjungar í starfi Pólaris í sumar eru tvenns konar. Annars vegar eru ferðir til Tyrklands og hins vegar er það Orkuklúbburinn okkar, sem fólk virðist hafa mikinn áhuga á,“ sagði Karl Sigurhjártarson, forstjóri ferðaskrifstofunnar Pólaris.

Karl sagði að ferðirnar til Tyrklands væru spennandi nýjung. „Nú höfum við einnig ákveðið að bjóða farþegum okkar á Ibiza upp á líkamsrækt, undir stjórn sérfróðra. Við byrjum fyrir nokkrum árum á því að reka svokallaða „Þjakka-klúbba“, þar sem haft var ofan fyrir börnum í sumarfríinu. Það gafst svo vel að nú bjóða allar ferðaskrifstofur upp á þetta. Vonandi fellur Orkuklúbburinn einnig í góðan farveg.“

Karl sagði að Mallorca og Ibiza væru vinsælustu áfangastaðir Pól-

aris. „Þriggja vikna ferð hjóna þangað með tvö börn, annað undir tólf ára aldri og hitt 12-15 ára, kostar um 55 þúsund krónur á mann að meðaltali,“ sagði hann. „Hækkun frá því í ágúst í fyrra

nemur gengisbreytingum, eða 12-15%. Mér finnst ég ekki merkja á fólk sem hingað kemur að það óttist einhverja kreppu og hér var fullt út úr dyrum um helgina, þegar við kynntum áætlun sumarsins.“




Ferðalangar á rölti um götur Ibiza. Farþegar Pólaris geta stundað líkamsrækt þar í fríinu, undir stjórn sérfróðra á því sviði.

Sinfóníuhljómsveitin:

Tveir fiðlu-konsertar

SÍÐARA misseri starfsársins hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands hefst með þremur ólíkum verkum, þar sem fram koma þau György Pauk og Guðný Guðmundsdóttir, fiðluleikarar. Hljómsveitarstjóri verður Petri Sakari, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Á efnisskrá tónleikanna í Háskólabíói fimmtudaginn 16. febrúar kl. 20.30 verða þrjú verk: Konsert fyrir tvær fiðlur í d-moll eftir J.S. Bach, Fiðlukonsert „Chain II“ eftir Lutoslavsky og Sinfónía nr. 4 eftir Bruckner.




Petri Sakari aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar.



Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari.



György Pauk fiðluleikari.



Ásgerður Búadóttir

Ásgerður Búadóttir sýnir í Gallerí Borg

ÁSGERÐUR Búadóttir opnar sýningu á verkum sínum í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9, fimmtudaginn 16. febrúar nk. klukkan 17.00. Sýningin stendur til 28. febrúar.

Ásgerður hefur haldið sex einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í mörgum samsýningum hér á landi og erlendis.

Á sýningu Ásgerðar nú í Gallerí Borg eru níu verk öll öfn á árunum 1986–1989. Stærsta verkið er 227x204 cm. Fjögur verk sýningarinnar kallar listakonan „Gengið með sjó“, er það samstæða, en þó hvert verk fyrir sig sjálfstætt. Sýningin er opin virka daga frá klukkan 10.00–18.00 og um helgar frá klukkan 14.00–18.00.

„Myrkir músíkdagar“

ÞRÍÐJU tónleikar „Myrkra músíkdaga“ verða haldnir í

Norræna húsinu í dag klukkan 20.30.

Á efnisskránni verður ný raf- og tölvutónlist eftir Jonathan Harvey, Paul Lansky, Þorstein Hauksson, Alistair MacDonald, Stefanos Vasiliadis og Kaija Saariho.

SUS:

Fundur um hvalveiðar á Hótel Borg

SAMBAND ungra sjálfstæðismanna efnir til opins fundar á Hótel Borg klukkan 17 síðdegis fimmtudaginn 16. febrúar næstkomandi. Yfirskrift fundarins er „Hvalveiðar – markaðir, vistfræði, sjálfstæði.“

Erindi á fundinum munu flytja þeir Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegssráðherra, sem talar um hvalveiðar og sjálfstæði Íslands, Jóhann Sigurjónsson sjávarlíffræðingur, sem fjallar um hvalarannsóknir Hafrannsóknastofnunar, Tómas Ingi Olrich, varðingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem talar um hvalveiðar og hafréttarsáttmálann og Theodór S. Halldórsson, framkvæmdastjóri SL, um áhrif hvalveiða á erlenda markaði.

Umræður verða í lok fundarins, en áætlað er að honum ljúki kl. 19.00. Allir eru velkomnir.

Fréttatilkynning

John Mayall á Hótel Íslandi

JOHN Mayall og hljómsveit hans Bluesbreakers koma hingað í lok febrúar og munu þeir halda eina tónleika.

Tónleikarnir verða sunnudagskvöldið 26. febrúar klukkan 21.00 á Hótel Íslandi. Aðgöngumiðaverð er krónur 1.900. Forsala aðgöngumiða er þegar hafin, en miða er hægt að panta á Hótel Íslandi og í Gramminu.